

Hjúkrunarheimli Boðaping 5-13

DSK breyting

08.08.2022

Varðar: Boðaping 5-13**Greinargerð**

Í breytingunni felst að innri byggingarreitur fyrir Boðaping nr. 11 og nr. 13 breytist og færist fjær Boðapingi 1-3 og 3-5. Bætt er við aðkomu fyrir þjónustubíla fyrir nýtt hjúkrunarheimili við norðurhluta lóðarinnar (aðkoma þjónustubíla að inngangi á suðurhluta lóðar að Boðapingi 5-7 og þjónustumiðstöð Boðapingi 9 breytist ekki).

Sett er inn kvöð um að einungis sé um að ræða þjónustuumferð (sjúkra- sorp og matarbílar) á fyrirhuguðum vegi frá bílastæðum á norðurhluta lóðarinnar að þjónustuinngangi.

Að öðru leyti er vísað í gildandi deiliskipulag samþykkt í bæjarstjórn 24. ágúst 2006 m.s.br. samþykkt 12. apríl 2016 og birt í B- deild Stjórnartíðinda 26. apríl 2016.

Þegar núverandi hjúkrunarheimili var byggt við Boðaping 5-7 þá var stefnan varðandi innra fyrirkomulag hjúkrunarheimila að borð- og setustofur væru fyrir miðju hverrar heimiliseiningar og voru lármarksviðmið fyrir hjúkrunarheimili sem komu út 2008 og 2014 miðuð það fyrirkomulag.

Þetta innra skipulag veldur því að það getur verið langt á milli heimiliseininga og starfsfólk hefur ekki yfirsýn á milli heimiliseininganna.

Í febrúar 2022 kom út 3. útgáfa af „Skipulag hjúkrunarheimila: Lármarksviðmið um byggingu og starfsemi hjúkrunarheimila“ frá Heilbrigðisráðuneytinu.

Þar kemur meðal annars fram áhersla á gott vinnuflæði og stuttar vegalengdir fyrir starfsfólk. Uppþvottur og móttaka á matarvögnum á að vera sameiginleg fyrir amk.tvær heimiliseiningar og borðstofur heimiliseininganna eru í beinum tengslum við uppþvottarýmið.

Þannig er gert ráð fyrir að eldhús, uppþvottur, borð-og setustofur séu í miðkjarna heimilsins.

Eins er gerð krafa um sér þjónustuinngang, fyrir matarvagna, starfsfólk, aðkomu sjúkrabíla, sorpbíla o.fl. Þetta er því veigamikil breyting frá innra skipulagi á núverandi hjúkrunarheimili.

Skipulag nýja hjúkrunarheimilisins sem er með 64 rýmum verður ekki brotið eins mikið upp og núverandi skipulag sýnir og liggur húsið að mestu samsíða Þingmannaleið.

Aðalinngangur er frá Boðapingi á 2. hæð en þjónustuinngangurinn verður að norðanverðu á 1. hæð.

Þjónustuaðkoman er frá núverandi vegi sem er með 13 bílastæðum og er á milli íbúðarhúss við Boðaping 1-3 og hjúkrunarheimilisins við Boðaping 5-7.

Fjarlægð frá húshlið Boðapings 1-3 að þjónustaðkomunni við suð-austurhorn hússins er frá 8,8m – 10,1m.

Við breytingu á innri byggingareit þá eyks fjarlægð frá suðurhorni Boðapings 1-3 að norðurhorni Boðapings 11-13 úr um 17,9 metrum í um 27,8 metra og verður því mun rýmra á milli húsana sem eru á þessu svæði.

Ferill máls:

Á fundi skipulagsnefndar 15. ágúst 2022 var lögð fram tillaga skipulagsdeildar að breyttu deiliskipulagi Boðapings 11-13. Skipulagsnefnd samþykkti að grenndarkynna framlagða tillögu með tilvísan til 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir lóðarhöfum Boðapings 1-3, 2-4 og 16 til 24

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026